



Ævintýri

Norraæna

húsinu

# Haust og vetur 2021



## OKTÓBER

### 14–16/10 Mýrin barnabókmenntahátíð

Barnabókmenntahátíð með baltnesku þema. Fjölbreytt dagskrá í Norræna húsinu — nánari upplýsingar á myrin.is

### 16/10 Múmínsnáðinn og Mía litla heimsækja Norræna húsið

10:45–11:15

Leiðsögn um Múmínsýningu fyrir alla fjölskylduna sem endar með heimsókn skemmtilegra gesta úr Múmíndal. Viðburðurinn er í tengslum við Mýrina barnabókmenntahátíð.

### 17/10 Sögunstund á sunnudegi

11:00 & 14:00

Sögunstundir fara fram vikulega á einu af norrænu tungumálunum. Sjá heimasíðu Norræna hússins fyrir frekari upplýsingar.

### 20/10 Bárur — barnaópera

16:00–17:00

Tónskáldið Svava Þórhallsdóttir leiðir börnin í ævintýraheim, innblásinn af norrænni goðafræði sem gestir verða virkir þátttakendur í. Viðburðurinn er í boði Óperudaga.

### 24/10 11:00 & 14:00 Sögunstund á sunnudegi

### 25–26/10 Halastjörnur, álfar & vísindaskáldskapur — Vetrarfrí í Norræna húsinu

Grunnskólanemendum á ýmsum aldri verður boðið á ólíkar vinnustofur í vetrarfríi grunnskóla. Sjá nánar á heimasíðu Norræna hússins.

### 31/10 11:00 & 14:00 Sögunstund á sunnudegi

## NÓVEMBER

### 4/11 Barnabaráinn

17:00–19:00

Krakkaveldi býður fullorðnum og börnum á barinn. Á Barnabarnum ráða krakkarnir öllu og prófa hugmyndir sem hafa komið upp á vikulegum fundum. Í vetur verður m.a. boðið upp á óáfenga kokkteila, slökun, trúsnó, nudd og klippingu.

### 6/11 Ný jörð? — Tilraunavinnustofa

kl. 13:00–15:00

Vinnustofa þar sem vísindi og myndlist sameinast í ævintýrlegum tilraunum sem listakonan og listkennarinn Ragnheiður Sigurðardóttir Bjarnason leiðir.

### 7/11 11:00 & 14:00 Sögunstund á sunnudegi

### 11/11 Einhleypur og umhverfisvænn?

12:00–20:00

Á þessum degi sem er af sumum verslunum nefndur *Dagur einhleyptra* eða *Single's day*, tíðkast í auknum mæli að verslanir hvetji til innkaupa, en hvað er hægt að kaupa án þess að menga og meiða? Þessari spurningu og fleirum verður varpað fram í röð áhugaverðra viðburða fyrir ungmenni í umsjá ungs fólks.



13/11  
13:00–15:00

### Blátt hraun og fleiri undur – Vinnustofa

*Hefurðu gengið undir jörðinni eða skíðað í loftinu?*

Myndlistarmaðurinn Anna Línadal segir frá sinni reynslu í skemmtilegri vinnustofu sem veitir innsýn í verk hennar á TIME MATTER REMAINS TROUBLE myndlistarsýningu Norræna hússins.

14/11

### Lettneski skólinn býður þér á ball

Í Nóvember árið 1918 gerðust sögulegir atburðir í sjálfstæðisbaráttu Lettlands og því ber að fagna og vilja kennarar og nemendur lettneska skólans í Reykjavík opna dyrnar að þeim hátíðahöldum.

20–21/11

### Ótrúleg fyrirbæri – Vinnustofa í skapandi skrifum

Tveggja daga námskeið fyrir ungmenni sem hafa áhuga á því ótrúlega og óútskýranlega í nútíð og framtíð. Sérfræðingur í vísindaskáldskap leiðir smíðjuna. Nánari tími auglýstur síðar á heimasíðu Norræna hússins.

21/11 11:00 & 14:00

### Sögustund á sunnudegi

---

27/11  
13:00–15:00

### Seglar & skúlptúrar – Vinnustofa

Myndlistarkonan Anna Rún Tryggvadóttir leiðir spennandi smíðju þar sem áherslan er á skúlptúra, segla og áttavita. Verk hennar á yfirstandandi sýningu Norræna hússins verður einnig rannsakað og sýnir hún á skapandi hátt hvernig náttúrufræði og myndlist eiga samleið.

28/11 11:00 & 14:00

### Sögustund á sunnudegi

---

## DESEMBER

4/12  
15:00–17:00

### Bækur sem bragð er af!

Fjölskyldunni er boðið á viðburð þar sem konfekt, kökur og bragðgóðar bækur verða í forgrunni.

5/12  
13:00–15:00

### Sérstök sögustund – Fjölskylduhátíð

Á seinustu sögustund ársins fá vinningshafar í sögusamkeppni afhend vegleg verðlaun og saga vinningshafa lesin upp af sérstökum leynigesti.

9/12  
17:00–19:00

### Barnabaránn

---

11/12  
13:00–15:00


### Koma jóla? – Vinnustofa og upplestur

Í tilefni nýrrar bókar Hallgríms Helgasonar og Ránar Flygenring um hinar jökulhressu Grýludætur, systur jólasveinanna verður boðið upp á upplestur og fjölskyldusmiðju með höfundum.

12/12

### Baltneskar jólahefðir og PØLSE&POESI

Allri fjölskyldunni er boðið að kynna sér baltneskar jólahefðir og fönður. Seinni part dags er viðburður með pólskum pulsum og upplestri á ljóðum eftir pólsk ljóðskáld. Sjá nánari upplýsingar á heimasíðu Norræna hússins.





For english information please  
visit [nordichouse.is/en/](http://nordichouse.is/en/)

## Leiðsagnir

- Múmin sýning (4–10 ára)
- TMRT myndlistarsýning Hvelvingu (10 ára og eldri)
- Hvað er Norræna húsið? (Allur aldur)
- Norrænu löndin — menning og listir (6. bekkur)

Hægt er að aðlaga leiðsagnir að mismunandi aldri eftir þörfum. Allar leiðsagnir og viðburðir eru gestum að kostnaðarlausu.

Dagsetningar og tími eru gerð með fyrirvara á breytingum – athugið heimasíðu Norræna hússins fyrir komu á viðburði.

Allar nánari upplýsingar veitir fræðslufulltrúi Norræna hússins:

Hrafnhildur Gíssurardóttir  
hrafnhildur@nordichouse.is  
Sími 551 7061



Norræna húsið